

Nr. 163

9. febrúar 2015

AUGLÝSING um deiliskipulag í Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 10. desember 2014 eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar.

Skipulagssvæðið nær yfir austurhluta Reykjahlíðarþéttbýlis milli hringvegar (Mývatnssveitarvegar) og Múlavegar en á því svæði er meginhluti íbúðarbyggðarinnar ásamt verslunar- og þjónustubyggingum vestast við þjóðveginn. Skipulagið nær til afmörkunar lóða og umferðarkerfis ásamt umhverfismótunar og skipulagningar opinna svæða og stíganets. Í deiliskipulagi eru byggingarreitir skilgreindir og settir byggingarskilmálar s.s. um nýtingu, hæðir og húsgerðir.

Deiliskipulag Reykjahlíðar (Reykjahlíðarjarðarinnar).

Skipulagssvæðið afmarkast frá Mývatni af leifum af Vallargarði Reykjahlíðar að vestan, vegi 850 og skipulagsmörkum Hlíðar ehf. að norðan, gamla veginum að austan, suður að Hlíðavegi með austurmörkum á lóð Reykjahlíðar 4, að sunnan niður að Mývatni með lóðarmörkum Reykjahlíðar 2 og svo meðfram bakka Mývatns að upphafsreit. Markmið skipulagstillögunnar er að marka framtíðarstefnu um uppbyggingu á svæðinu, setja byggingarskilmála fyrir nýbyggingar og viðbyggingar.

Fyrrgreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

Mývatnssveit, 9. febrúar 2015.

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 23. febrúar 2015